# Fundargerð 292. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg
**Fundardagur:** þriðjudagur 9. janúar
**Fundartími:** 16:00-17:40
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi undir lið nr. 10 og samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands til síðari umræðu undir lið 11. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fundargerðir skipulagsnefndar Nr. 271, dags. 13.12.2023**
   a) **Bitra land L200842; Landbúnaðarlóðir; Hótel og smáhýsi; Deiliskipulag – 2307047**
   Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til svæðis Bitru lands L200842. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á fjórum landbúnaðarlóðum og fjórum verslunar- og þjónustulóðum. Á landbúnaðarlóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi s.s. gestahúsi, gróðurhúsi, hesthúsi og/eða geymslu/skemmu. Á verslunar- og þjónustulóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir allt að 100 herbergja hóteli með gistirými fyrir allt að 200 gesti. Enn fremur er gert ráð fyrir um 30 smáhýsaeiningum að 70 fm þar sem geti gist allt að 120 gestir. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu má ekki fara umfram 0,05. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.
   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða tillögu aðalskipulagsbreytingar. Að mati skipulagsnefndar þarf að gera með ítarlegri hætti grein fyrir fráveitumálum innan deiliskipulags auk þess sem nánar verði gert grein fyrir fyrirhuguðum byggingum innan lóða, útliti og staðsetningu þeirra.*

   Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til svæðis Bitru lands L200842. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á fjórum landbúnaðarlóðum og fjórum verslunar- og þjónustulóðum. Á landbúnaðarlóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi s.s. gestahúsi, gróðurhúsi, hesthúsi og/eða geymslu/skemmu. Á verslunar- og þjónustulóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir allt að 100 herbergja hóteli með gistirými fyrir allt að 200 gesti. Enn fremur er gert ráð fyrir um 30 smáhýsaeiningum að 70 fm þar sem geti gist allt að 120 gestir. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu má ekki fara umfram 0,05. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða tillögu aðalskipulagsbreytingar. Sveitarstjórn fer fram á að gert verði með ítarlegri hætti grein fyrir fráveitumálum innan deiliskipulags auk þess sem nánar verði gert grein fyrir fyrirhuguðum byggingum innan lóða, útliti og staðsetningu þeirra.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.

   b) **Bitra land L200843; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2302064**
   Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bitru lands L200843 í Flóahreppi. Alls er um að ræða um 43 ha land sem nú er skilgreint sem

landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að 30 ha af svæðinu verði skilgreindir sem landbúnaðarsvæði og um 13 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er að fjölga íbúum sveitarfélagsins og þar með nýta betur þá þjónustu og innviði sem fyrir eru s.s. vegakerfi og veitur. Einnig að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli á stórum lóðum með möguleika á aðstöðu fyrir t.d. hesta, trjárækt o.þ.h. Þá sé markmiðið með verslunar- og þjónustulóðum að auka kosti í þjónustu og ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Á staðnum verði miðað að því að þar verði hægt að taka á móti stærri hópum í einu en skortur sé á slíkri aðstöðu í sveitarfélaginu. Samhliða er lagt fram deiliskipulag sem tekur til svæðisins.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfærð gögn.*

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bitru lands L200843 í Flóahreppi. Alls er um að ræða um 43 ha land sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að 30 ha af svæðinu verði skilgreindir sem landbúnaðarsvæði og um 13 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er að fjölga íbúum sveitarfélagsins og þar með nýta betur þá þjónustu og innviði sem fyrir eru s.s. vegakerfi og veitur. Einnig að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli á stórum lóðum með möguleika á aðstöðu fyrir t.d. hesta, trjárækt o.þ.h. Þá sé markmiðið með verslunar- og þjónustulóðum að auka kosti í þjónustu og ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Á staðnum verði miðað að því að þar verði hægt að taka á móti stærri hópum í einu en skortur sé á slíkri aðstöðu í sveitarfélaginu. Samhliða er lagt fram deiliskipulag sem tekur til svæðisins.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um lagfærð gögn sbr. bókun í lið a í fundargerð sveitarstjóarnar nr. 292.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Eystri-Loftsstaðir 9 L227154; Íbúðarhús, útihús o.fl.; Deiliskipulag – 2312006**
Lögð er fram umsókn er varðar nýtt deiliskipulag á landi Eystri-Loftsstaða 9 L227154 í Flóahreppi. Um er að ræða 5.3 ha land þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss auk tveggja aukahúsa s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús, skemmu/geymslu. Hámarks byggingarmagn innan reitsins er 600 fm.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins*

Fyrir liggur umsókn ásamt leiðréttum gögnum er varðar nýtt deiliskipulag á landi Eystri-Loftsstaða 9 L227154 í Flóahreppi. Um er að ræða 5.3 ha land þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss auk þriggja aukahúsa s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús, skemmu/geymslu. Hámarks byggingarmagn innan reitsins er 900 fm.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulaglaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Loftsstaðir-Vestri L165512; Íbúðabyggð; Fyrirspurn – 2312007**
Lögð er fram fyrirspurn er varðar gerð deiliskipulags sem tekur til uppbyggingar á landi Lofsstaða-Vestri L165512. Um er að ræða uppbyggingu fyrir íbúðarbyggð á 4.000 - 11.000 fm lóðum á landbúnaðarlandi.
*Að mati skipulagsnefndar er framlögð beiðni háð skilgreiningu á íbúðarsvæði innan aðalskipulags þar sem viðkomandi uppbygging telst umfram heimildir aðalskipulags*

*er varðar uppbyggingu á landbúnaðarlandi. Skipulagnsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlagðri beiðni verði vísað í vinnu við endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps.*

Fyrir liggur fyrirspurn er varðar gerð deiliskipulags sem tekur til uppbyggingar á landi Lofsstaða-Vestri L165512. Um er að ræða uppbyggingu fyrir íbúðarbyggð á 4.000 - 11.000 fm lóðum á landbúnaðarlandi.
Sveitarstjórn Flóahrepps vísar framlagðri beiðni til vinnu við endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Skipan í ráð og nefndir**
Eftirfarandi breytingar liggja fyrir frá T lista vegna endurskipun í ráð og nefndir vegna breytinga á aðalmönnum í sveitarstjórn:
**Varamaður í sveitarstjórn Flóahrepp**
Halla Kjartansdóttir
**Áheyrnarfulltrúi í Héraðsnefnd Árnesinga**
Hjalti Guðmundsson
**Fulltrúi á aðalfundi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands**
Hjalti Guðmundsson
**Varamaður á aðalfund Bergrisans bs.**
Hjalti Guðmundsson
**Fulltrúi í öldugaráð uppsveita**
Afgreiðslu frestað
Sveitarstjórn samþykkir ofangreindar breytingar á skipan í ráð og nefndir.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. **Skipan í framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla**
Á 289. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps samþykkti sveitarstjórn að skipa í framkvæmda- og byggingarnefnd vegna framkvæmda við Flóaskóla.
Eftirfarandi aðilar hafa verið tilnefndir til setu í nefndinni:
Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Hjalti Guðmundsson, fulltrúi T lista
Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi framkvæmda- og veitunefndar
Bjarni Stefánsson, fulltrúi fræðslunefndar
Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla
Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda skipan í framkvæmda- og byggignarnefnd Flóaskóla.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. **Erindisbréf framkvæmda- og byggingarnefndar Flóaskóla**
Fyrir liggur erindsisbréf framkvæmda- og byggingarnefndar Flóaskóla. Í erindisbréfinu koma meðal annars fram strafstími, hlutverk og starfshættir nefndarinnar.
Að auki liggur fyrir minnisblað frá Eflu vegna áætlunar í byggingar og hönnunarkostnað skólabyggingar í Flóaskóla.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagt erindisbréf og samþykkir að það taki þegar gildi og að sveitarstjóri boði fyrsta fund nefndarinnar innan tveggja vikna. Sveitarstjórn samþykkir einnig að samið verið um áframhaldandi vinnu frá Eflu varðandi brunahönnun og aðra nauðsynlega hönnun vegna breytinga á innra skipulagi núverandi byggingar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. **Vinnufundir sveitarstjórnar vegna endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps**
Líkt og samþykkt var á fundi 2. maí 2023 liggur fyrir að sveitarstjórn muni taka aðalskipulag Flóahrepps til heildarendurskoðunar og var sú ákvörðun tilkynnt til Skipulagsstofnunar vorið 2023.
Sveitarstjórn samþykkir að fyrsti vinnufundur með skipulagsfulltrúa verði þann 16. janúar kl. 15:00-17:00.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Stofnsamningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. – Seinni umræða**
Fyrir liggur stofnsamningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. ásamt viðaukum til síðari umræðu í sveitarstjórn.
Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi stofnsamning fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. ásamt viðaukum 1 og 2.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
7. **Húsnæðisáætlun Flóahrepps 2024**
Fyrir liggur húsnæðisáætlun Flóahrepps fyrir árið 2024. Samkvæmt reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga nr. 1248/2018 ber sveitarfélögum að hafa húsnæðisáætlanir. Áætlunin hefur verið yfirfarin af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar. Í áætluninni er gert ráð fyrir að íbúum Flóahrepps fjölgi á árunum 2024-2033 og er mannfjöldaspá sett upp í lágspá, miðspá og háspá þar sem minnsta áætlaða íbúafjölgunin á tímabilinu er 45 íbúar og mesta áætlaða íbúafjölgunin 270 íbúar.
Samkvæmt markmiðum rammasamnings milli ríkis og sveitarfélaga um íbúðaruppbyggingu skal gert ráð fyrir að 5% af áætlaðri íbúðaþörf skuli vera félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélaga og hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði 30% af áætlaðri íbúðaþörf.
Sveitarstjórn samþykkir framlagða húsnæðisáætlun Flóahrepps 2024. Húsnæðisáætlun verður birt á heimasíðu Flóahrepps.
Samþykkt með 5 atkvæðum
8. **Erindi frá þorrablótsnefnd vegna þorrablóts Flóamanna – Ósk um lækkun á húsaleigu**
Fyrir liggur erindi frá þorrablótsnefnd vegna þorrablóts Flóamanna sem haldið verður í Þingborg laugardaginn 3. febrúar. Er þetta í fyrsta skipti sem eitt sameiginlegt þorrablót er haldið í Flóahreppi. Í erindinu er óskað eftir klækkun á leigunni á Þingborg en skv. gildandi gjaldskrá félagsheimilanna er gert ráð fyrir að greiða 1000 kr pr miða í húsaleigu. Gert er ráð fyrir að seldir verði 290 miðar. Óskað er eftir að greiða fasta upphæð eða að greiddar séu 1000 kr pr. seldan miða upp að ákveðnum fjölda miða.
Sveitarstjórn þakkar innsent erindi og samþykkir að húsaleiga verði 1000 kr pr. seldan miða upp að 250 miðum. Innifalið í leigunni eru fundir og æfingar þorrablótsnefndar í aðdraganda þorrablóts og aðgangur að húsinu yfir helgina 2.-4. febrúar. Bókanir vegna funda, æfinga og undirbúnings í húsinu skulu vera í samráði við húsverði og sama á við um frágang að lokinn leigu. Að auki samþykkir sveitarstjórn að greiða fyrir leigu á dúkum ef þeir eru leigðir af kvenfélögum innan sveitarfélagsins. Tækifærisleyfi, STEF gjöld, leiga á búnaði (annar en sá sem er þegar til hjá sveitarfélaginu) eru ekki innifalin í ofangreindri leigu.
Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hjalti Guðmundsson sat hjá við afgreiðslu málsins þar sem hann situr í þorrablótsnefnd.
9. **Gjaldskrár- og verðlagshækkanir í Flóahreppi**
Fyrir liggur minnisblað frá sveitarstjóra er varðar umræðu um gjaldskrár- og verðlagshækkanir vegna umræðu og ákalls til sveitarfélaga í landinu um endurskoðun á gjaldskrám.
Sveitarstjórn styður umræðu um þjóðarsátt með það að markmiði að ná verðbólgu og vöxtum í landinu niður. Sveitarstjórn telur mikilvægt að þjóðarsátt náist vegna nýrra kjarasamninga og að á sama tíma axli hið opinbera ábyrgð með hófstilltum gjaldskrárhækkunum. Í nýsamþykktri fjárhagsáætlun Flóahrepps eru hófstilltar hækkanir á gjaldskrám og sumar gjaldskrár tóku engum breytingum á milli ára. Samþykktar gjaldskrár vegna skólamáltíða, lengdrar viðveru, fæðisgjalda í leikskóla og leikskólagjalda ættu að taka hækkun skv. vísitölu neysluverðs 1. febrúar og 1. ágúst árlega.
Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrár vegna skólamáltíða, lengdrar viðveru, fæðisgjalda í leikskóla og vegna leikskólagjalda taki ekki hækkunum skv. vísitölu neysluverðs þann 1. febrúar 2024.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
10. **Umsagnarbeiðni vegna tækifærisleyfis í Félagsheimilinu Þingborg**
Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn sveitarfélags vegna umsóknar frá Björk Guðbjörnsdóttur kt. 250177-2919 um tækifærisleyfi vegna þorrablóts í Þingborg 3. febrúar 2024.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við umsókn vegna tækifærisleyfis í Félagsheimilinu Þingborg frá kl. 19:00 þann 03.02.2024 til kl. 04:00 þann 04.02.2023. Farið er fram á að gestafjöldi fari ekki yfir 340 manns eins og leyfilegur fjöldi í veitingum er tilgreindur í gildandi leyfi fyrir Þingborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. **Samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands – seinni umræða**

Fyrir liggja samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands til síðar umræðu.
Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagðar samþykktir og samþykkir þær.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. **Fundargerðir:**
   a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 290, dags. 12.12.2023 og nr. 291, dags. 21.12.2023
   b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 18, dags. 07.12.2023
   c) Vinnuhóps/verkefnastjórnar um gerð sameiginlegrar atvinnustefnu fyrir Hveragerði, Árborg og Flóahrepp nr. 1, dags. 13.12.2023
   d) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 323, dags. 04.12.2023
   e) Stjórnar SASS nr. 604, dags, 08.12.2023
   f) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 14, dags. 14.11.2023 og nr. 15, dags. 12.12.2023
   g) Stjórnar Fræðslunets Suðurlands nr. 158, dags. 12.12.2023
   h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 940, dags. 15.12.2023
   i) Almannavarnarnefndar Árnessýslu nr. 3, dags. 14.12.2023
   j) Aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings dags. 05.12.2023
13. **Efni til kynningar**
   a) Frá Vegagerðinni: Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu hluta Þingborgarvegar í Flóahrepp
   b) Frá Vegagerðinni: Niðurfelling dregin til baka vegna fyrirhugaðrar niðurfellingar hluta Skálarimavegar í Flóahrepp
   c) Minnisblað frá haustráðstefnu héraðsskjalavarða á Íslandi – Rafræn langtímavarsla skjala á héraðsskjalasöfnum
   d) Frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi)
   e) Fréttatilkynning frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga
   f) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010 (málsmeðferð og skilyrði), 27. mál
   g) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 6. febrúar kl. 16:00
14. **Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók.

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Hjalti Guðmundsson (sign)*
*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*

# Fundargerð 147. fundar fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagur 16. janúar 2024

Fundartími: Flóaskóli 16:30 – 17:30

Krakkaborg 17:30 – 18:30

**Fundarmenn:** Jakob Kristjánsson, varamaður

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, formaður

Axel Páll Einarsson ,ritari

Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður

Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla

Catharina Krentel, fulltrúi skólaráðs

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Þórdís Þormóðsdóttir, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

Kristrún Jónsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórunn Jónasdóttir
Kt. 2507643249
Dags. 19.1.2024 13:19:08
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Margrét Drífa Guðmundsdóttir
Kt. 2005715179
Dags. 18.1.2024 00:20:35
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sara Guðjónsdóttir
Kt. 1109862899
Dags. 17.1.2024 12:09:25
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hjalti Guðmundsson
Kt. 2609694479
Dags. 22.1.2024 16:04:10
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jakob Nielsen Kristjánsson
Kt. 0510862369
Dags. 18.1.2024 07:33:45
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sævar Örn Sigurvinsson
Kt. 0302715649
Dags. 17.1.2024 14:08:26
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir
Kt. 1010823859
Dags. 18.1.2024 08:57:21
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Axel Páll Einarsson
Kt. 0708872159
Dags. 17.1.2024 17:22:55
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kristrún Jónsdóttir
Kt. 0608912819
Dags. 18.1.2024 09:16:55
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Catharina Marie Berta Krentel
Kt. 1511904059
Dags. 17.1.2024 21:07:39
Ástæða: Undirritun

**Flóaskóli**

1. Fréttir af skólastarfinu.
   Stórt þema verkefni, Óskaveröldin mín þar sem nemendur sjá fyrir sér hvernig veröld þau vilja búa í og munu kynna verkefnið fyrir foreldrum í foreldraviðtölum, sem verða í framtíðinni að miklu leyti nemendastýrð. Verkefnið er hugsað til að valdefla nemendur og gera þau að sjálfstæðari einstaklingum.
   Flóaskóli er að byrja með nýtt val fyrir nemendur þar sem Hafdís Gýgja stjórnar skólakór Flóaskóla. Verkefnið er í samstarfi við Tónlistaskóla Árnesinga og Tónsmiðjuna.
   Reglur varðandi símanotkun voru ræddar hjá skólaráði í gær og förum við yfir útfærslur á þeim.
2. Stoðþjónusta – sérfræðisþjónusta, stöðumat og áherslur.
   Fræðslunefnd fékk góða kynnig á stoðþjónustu Flóaskóla. Stoðþjónusta er heiti yfir þau úrræði sem skólinn býr yfir og er ætlað að stuðla að alhliða þroska nemenda. Markmið stoðþjónustunnar er ávallt að sinna þörfum hvers og eins með stuðningi og kennslu við hæfi, í lengri eða skemmri tíma.
   Stuðningur við nemendur felst meðal annars í, hlóðbókum, aðgang að náms og starfsráðgjafa og lengri tíma í verklegur greinum, svo eitthvað sé nefnt.
   Einnig hefur stoðþjónustan aðgang að sálfræðingi, félagsráðgjafa, námsráðgjafa, talmeinafræðing og kennsluráðgjafa.
3. Innra mat – stöðumat
   Innra matið og vinna í kringum það er í vinnslu. Meiri fréttir af því næst.
4. Skólastefna Flóahrepps.
   Skólastefnan kynnt fyrir Fræðslunefnd en hún er í mjög stuttu máli og einfölduðu máli þannig að hroft er til Heimsmarkmiða Sameinuðuþjóðanna, ásamt gildum skólans, Hugur-Hjarta-Hönd sem og að vera hjarta samfélagsins.
5. Önnur mál
   Tilaga um að bjóða Fræðslunefndinni í heimsókn á skólatíma og sína okkur starfsemina. Dagsetning ákveðin síðar.



RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jakob Nielsen Kristjánsson
Kt. 0510862369
Dags. 18.1.2024 07:34:34
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Íris Grétarsdóttir
Kt. 2101783339
Dags. 18.1.2024 10:35:38
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórunn Jónasdóttir
Kt. 2507643249
Dags. 19.1.2024 13:18:14
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hjalti Guðmundsson
Kt. 2609694479
Dags. 2.2.2024 13:08:56
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sævar Örn Sigurvinsson
Kt. 0302715649
Dags. 17.1.2024 14:07:36
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Axel Páll Einarsson
Kt. 0708872159
Dags. 17.1.2024 17:24:14
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Catharina Marie Berta Krentel
Kt. 1511904059
Dags. 17.1.2024 21:08:25
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Margrét Drífa Guðmundsdóttir
Kt. 2005715179
Dags. 18.1.2024 00:23:07
Ástæða: Undirritun

**Krakkaborg**

6. Fréttir af leikskólastarfinu
   Starfið fer vel af stað eftir hátíðarnar, flestir úthvíldir og allt að detta í fastar skorður aftur. Einn starfsmaður kvaddi okkur um áramótin en annar kom til baka eftir smá fjarveru, svo starfsmannalega erum við í góðum málum. Von er á einum nemanda í febrúar en þá verður nemendafjöldi 44 nemendur. Biðlistinn er tómur og gerum ekki ráð fyrir því að það breytist á næstunni. Einn nemandi frá Grindavík kom til okkar í desember en hann stoppaði stutt því fjölskyldan flutti í annað sveitarfélag um áramótin.

   Heimasíða leikskólans hefur verið uppfærð örlítið en þar er síða sem heldur utan um allar helstu áætlanir, foreldrahandbók og annað gagnlegt.
   https://krakkaborg.leikskolinn.is/Skolastarfid/Aaetlanir
   Foreldrakönnun á vegur Skólapúlsins verður send út núna 1. febrúar og ættu niðurstöður að liggja fyrir í byrjun mars. Meira um það síðar.

   Stjórnendur hafa rætt það örlítið sín á milli hvort tími sé komin að fara í gegnum Ytra mat á vegum Menntamálastofnunar. Leikskólinn fór síðast í gegnum matið 2016 og það er spurning hvort það sé komin tími til að fara í gegnum það aftur
7. Innra mat
   Endurmat leikskólans er hluti af innra mati en það kom nokkuð vel út, en send var út könnun á alla starfsmenn leikskólans þar sem kallað var eftir endurmati á haustönninni. Alla jafnan eru starfsmenn sáttir við það álag sem fylgir daglegu starfi og það er ekki íþyngjandi sem slíkt.

8. Skólastefna Flóahrepps
   Vinna við endurbætur á skólanámskrá Krakkaborgar er nú í vinnslu og hafa starfsdagar og fundir farið í það að rýna í hana í takt við nýja aðalnámskrá og skólastefnu Flóahrepps. Ný námsskrá ætti að vera klár til samþykktar fyrir síðasta fund fræðslunefndar.
9. Önnur mál.
   Stytting vinnuvikunnar var rædd meðal starfsfólks og farið yfir nokkrar útfærslur innan fræðslunefndar.

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jakob Nielsen Kristjánsson
Kt. 0510862369
Dags. 18.1.2024 07:35:46
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sara Guðjónsdóttir
Kt. 1109862899
Dags. 17.1.2024 12:08:39
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir
Kt. 1010823859
Dags. 18.1.2024 08:56:31
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sævar Örn Sigurvinsson
Kt. 0302715649
Dags. 17.1.2024 14:09:11
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kristrún Jónsdóttir
Kt. 0608912819
Dags. 18.1.2024 09:17:52
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Axel Páll Einarsson
Kt. 0708872159
Dags. 17.1.2024 17:24:55
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hjalti Guðmundsson
Kt. 2609694479
Dags. 2.2.2024 13:08:11
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Margrét Drífa Guðmundsdóttir
Kt. 2005715179
Dags. 18.1.2024 00:25:12
Ástæða: Undirritun

# Fundargerð nr. 1
# Framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla

| | |
|---|---|
| **Fundarstaður:** | Þingborg fundarsalur |
| **Fundardagur:** | Miðvikudagur 24. janúar |
| **Fundartími:** | 8:30-9:30 |
| **Fundarmenn:** | Árni Eiríksson, oddviti |
| | Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna |
| | Hjalti Guðmundsson, fulltrúi T lista |
| | Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi úr framkvæmda- og veitunefnd |
| | Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri |
| | Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri |
| | Bjarni Stefánsson, fulltrúi fræðslunefndar |

*Árni Eiríksson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

1. **Áfangi 1 – breytingar á innra skipulagi núverandi húsnæðis í Flóaskóla**
   Sveitarstjórn bókað á fundi sínum í janúar samþykki fyrir því að nefndin hefði heimild til að ákveða að semja um áframhaldandi vinnu frá Eflu varðandi brunahönnun og aðra nauðsynlega hönnun vegna breytinga á innra skipulagi núverandi byggingar (áfangi 1). Nefndin sammála um að setja þurfi brunahönnun af stað svo að verkið stoppi ekki á því.
   *Sveitarstjóri mun ganga frá samningu við Eflu um brunahönnun vegna breytinga í áfanga 1.*

   Lagt til að umsjónarmaður fasteigna, og eftir þörfum aðrir starfsmenn fasteignasviðs, fari vel yfir yfirlitsmynd sem var teiknuð upp af breytingunum og punkti hjá sér athugasemdir eða ef ljóst er að einhverju þarf að breyta. Lögð áhersla á að vera búin að vinna ákveðna undirbúningsvinnu svo sem að átta sig á hvort veggir, hurðir eða annað lendi á óhentugum stað t.d með tilliti til glugga, ofna og annars áður en verkfræðistofa er fengin til að teikna upp loka útkomu.
   *Umsjónarmaður fasteigna mun skoða núverandi teikningar og teikningar sem komu frá Eflu í lokatillögunni og punkta hjá sér athugasemdir til að leggja fram á næsta fundi nefndar. Sveitarstjóri mun kalla eftir teikningunum og koma á umsjónarmann fasteigna.*

   Rætt um þörf á byggingarstjóra og meistara vegna áfanga 1. *Sveitarstjóri mun bera málið undir byggingarfulltrúa og koma með upplýsingar á næsta fund nefndar. Ef þörf er á byggingarstjóra verður kannað hvort ráðgjafi sem sinnt hefur ráðgjöf og eftirliti í verklegum framkvæmdum hjá Flóahreppi geti tekið verkefnið að sér.*

2. **Tímarammi framkvæmda við áfanga 1**
   Lögð er áhersla á að framkvæmdir við innanhússbreytingar ásamt smíði á pöllum og opnun út á viðeigandi stöðum fari fram frá vori 2024 fram á haust 2024 og að mesta raskið fari fram á meðan sumarlokun er í skólanum. Skólastjóri metur svo að ákveðin rými þoli rask þrátt fyrir að skólastarf sé í gangi. Rætt um að verið sé að horfa á þessar breytingar til lengri tíma og því verði vandað við verka í öllum verkþáttum.

3. **Annað**
   Fá ráðleggingar og láta teikna upp breytingarnar innanhúss og útlitshanna útisvæðið m.t.t notkunar og álags vegna veðurs. *Því þarf svo að skila inn til byggingarfulltrúa.*
   Rætt um að mögulega væri hægt að bíða með að setja hurð út úr núverandi skrifstofurými þar til áfangi 2 hefur verið tekinn í notkun þó að breytingin verði sett inn í uppfærðar teikningar.

Nefndin leggur áherslu á að áfangar 2 (viðbygging) og áfangi 3 (mögulegt íþróttahús) verði hannaðir samhliða en sett upp þannig að hægt sé að framkvæma í áföngum.

Huga þarf að því hvernig við nálgumst verktaka á þeim tíma sem verið er að horfa til. Nefndin leggur til að skoðað verði hvort Börkur Brynjarsson sem hefur verið að vinna við ráðgjöf og eftirlit við verklegar framkvæmdir hjá sveitarfélaginu geti sett saman yfirlit yfir helstu verkþætti og grófar magntölur. Innanhússframkvæmdir ekki útboðsskyldar þar sem umfangið er ekki mikið en eðlilegt að gera verðkönnun. *Sveitarstjóri mun hafa samband við Börk vegna málsins.*

Sama á við varðandi að fá arkitekt eða teiknistofur vegna forhönnunar á grófum planmyndum og ásýnd vegna áfanga 2 og 3. Þar þarf að gera verðkönnun. *Nefndarmenn koma með hugmyndir að aðilum vegna forhönnunar á næsta fund nefndar.*

Heildarhönnun á áföngum 2 og 3 mun þurfa að bjóða út. Huga þarf að því hvernig staðið verður að því útboði og hvort óskað verði eftir föstu verði eða tímagjaldi. Áður en kemur til útboðs þarf að hafa eitthvað í höndunum um umfang framkvæmdanna og hvert við stefnum.

4. **Næsti fundur nefndar:**
   Nefndin mun funda miðvikudaginn 14. febrúar kl. 8:30 í Þingborg

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:30*

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórunn Jónasdóttir
Kt. 2507643249
Dags. 30.1.2024 08:47:05
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Heimir Rafn Bjarkason
Kt. 2005824899
Dags. 24.1.2024 16:08:05
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Brynjar Jón Stefánsson
Kt. 0907603869
Dags. 2.2.2024 13:11:20
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hulda Kristjánsdóttir
Kt. 3001843249
Dags. 24.1.2024 16:12:15
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Árni Eiríksson
Kt. 0809664589
Dags. 2.2.2024 13:32:21
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hjalti Guðmundsson
Kt. 2609694479
Dags. 24.1.2024 17:49:39
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Bjarni Stefánsson
Kt. 0312638249
Dags. 28.1.2024 14:10:40
Ástæða: Undirritun

# 605. fundur stjórnar SASS

## fjarfundur

## 12. janúar 2024, kl. 12:30 – 15:00

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Brynhildur Jónsdóttir, Einar Freyr Elínarson og Njáll Ragnarsson. Einnig taka þátt Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri þróunarsviðs SASS og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum með fjarfundarhugbúnaði.

Formaður býður fundarmenn velkomna og óskar aðilum gleðilegs árs og þakkar fyrir gott og ánægjulegt samstarf á nýliðnu ári. Tilhlökkun að takast á við verkefni á árinu.

**1. Fundargerðir**

Fundargerð 604. fundar staðfest og hún verður undirrituð síðar.

**2. Ársþing SASS 2024**

Formaður kynnir undirbúning fyrir auka- og aðalfund SASS 2024 en aukaaðalfundur samtakanna er ráðgert að halda í Vestmannaeyjum 7. júní nk. og ársþing og aðalfund SASS 31. október til 1. nóvember nk. í Hveragerði.

Á aukaaðalfundinum verður kosið í stjórn og gert er ráð fyrir að leggja fram tillögur að breyttum samþykktum fyrir fundinn. Fyrir fundinn þarf því að yfirfara núgildandi samþykktir en við þá vinnu verður, m.a. horft til umræðu á nýliðnu ársþingi. Stjórn samþykkir að fela formanni og Árna Eiríkssyni, stjórnarmanni sem fór fyrir Allsherjarnefnd á ársþingi samtakanna 2023, í samvinnu við starfsmenn að hefja þessa vinnu og leggja tillögur sínar fyrir stjórnarfund.

**3. Sóknaráætlun Suðurlands**

a) Skipan í fagráð

Stjórn ræðir skipan fagráða sem meta umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Stjórn samþykkir að skipan fagráðs atvinnuþróunar- og nýsköpunarstyrkja verður óbreytt 2024 en í ráðinu sitja:

- Helga Björk Ólafsdóttir, framkvæmdarstjóri leikskólans Sóla
- Bergsteinn Einarsson, eigandi og framkvæmdarstjóri Set ehf.
- Laufey Helgadóttir, ferðaþjónustubóndi að Smyrlabjörgum

Varamaður: Guðmundur H. Gunnarsson, aðstoðarmaður forstjóra, Skinney-Þinganes hf.

Breyting verður á skipan varamanns í fagráði menningarstyrkja og er afgreiðslu frestað til næsta fundar stjórnar.

b) Fjárhagsáætlun 2024

Framkvæmdastjóri fer yfir drög að fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Suðurlands 2024.

Framlag ríkisins verði óbreytt frá fyrra ári eða ríflega 115 m.kr., framlag sveitarfélaganna verður tæplega 14,4 m.kr. og endurúthlutun og eftirstöðvar frá fyrra ári nemi um 21 m.kr. Samtals er því áætluð fjárhæð til ráðstöfunar um 152 m.kr. Á árinu er gert ráð fyrir að verja 84 m.kr. í Uppbyggingarsjóð Suðurlands, þ.e. 42 m.kr. í hvora úthlutun. Til áhersluverkefna er gert ráð fyrir að verja samtals 57 m.kr. og 12 m.kr. fara í umsýslu og annan kostnað tengdan Sóknaráætlun Suðurlands.

c) Tillögur að áhersluverkefnum

Sviðsstjóri kynnir uppfærðar tillögur að áhersluverkefnum 2024. Þegar hefur verið samþykktar 15 m.kr. í Orkídeu, 5 m.kr. í Sigurhæðir og 0,4 m.kr. í Upptaktur 2024.

Stjórn samþykkir eftirtalin 14 áhersluverkefni að meðtöldum fyrrgreindum verkefnum, samtals að fjárhæð 56,4 m.kr.

| **Áhersluverkefni - 2024** | **Fjárhæð í kr.** |
|---|---|
| Orkídea | 15.000.000 |
| Starfastefnumót á Suðurlandi | 4.000.000 |
| Jafningjafræðsla | 6.500.000 |
| Matarauður Suðurlands - sögur og sýnileiki | 2.500.000 |
| Menningarperlur Suðurlands - sögur og sýnileiki | 2.000.000 |
| Atvinnubrú háskólanema | 2.500.000 |
| Skjálftinn – hæfileikakeppni grunnskóla á Suðurlandi | 7.000.000 |
| Sigurhæðir | 5.000.000 |
| Stefnumörkun fyrir Sóknaráætlun 2025 - 2029 | 3.000.000 |
| Upptakturinn 2024 | 400.000 |
| Kynningarátak um hlutverk byggðaþróunarfulltrúa | 2.000.000 |
| Sjúkraþyrla - greining | 3.000.000 |
| Lýðfræðileg þróun - mótframlag - framhaldsverkefni | 2.500.000 |
| Kötlusetur mótframlag vegna þekkingartengdrar ferðaþjónustu | 1.000.000 |
| **Samtals** | **56.400.000** |

d) Starfsáætlun atvinnu- og byggðaþróunar

Fyrir fundinum liggur til kynningar starfsáætlun atvinnu- og byggðaþróunar 2024 sem send hefur verið til Byggðastofnunar. Áætlunin er skýr og greinargóð.

**4. Starfshópur um samhæfða svæðaskipan málaflokka er lúta að þjónustu við börn**

Framkvæmdastjóri kynnir að mennta- og barnamálaráðherra hafi skipað sprettstarfshóp sem er ætlað að skoða möguleika þess að samhæfa svæðaskipan málaflokka sem lúta að þjónustu við börn. Í hópnum sitja fulltrúar frá mennta- og barnamálaráðuneyti, innviðarráðuneytinu, fagaðilar í málaflokknum frá sveitarfélögum og aðrir hagaðilar s.s. frá ÍSÍ, UMFÍ, BVS,

Byggðastofnun, sambandinu og landshlutasamtökunum (LHS). Framkvæmdastjóri eru fulltrúi LHS í vinnuhópnum.

Verkefnið felst í að skoða möguleika þess að koma upp sameiginlegum starfsstöðvum með hliðsjón af svæðaskiptum verkefnum ríkis og sveitarfélaga. Það er í samræmi við nýlega viljayfirlýsingu mennta- og barnamálaráðherra, ÍSÍ og UMFÍ um eflingu íþróttastarfs á landsvísu með áherslu á þátttöku barna með fötlun og barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

## 5. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 16. fundar stjórnar SSA, fundargerð 145. fundar stjórnar Austurbrúar, fundargerðir 177. – 178. funda stjórnar SSV, fundargerð 796. fundar stjórnar SSS, fundargerðir 57. – 58. funda stjórnar SSNE, fundargerðir 99. – 101. funda stjórnar SSNV, fundargerðir 569. – 570. funda stjórnar SSH, fundargerð 940. fundar stjórnar sambandsins og fundargerð 92. fundar stýrihóps stjórnarráðsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni frá síðasta fundi s.s.: ársuppgjör og undirbúningur að gerð ársreikninga, þátttaka í sprettstarfshópi sem skipaður var af mennta- og barnamálaráðherra og undirbúningur áhersluverkefna.

c. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Formaður kynnir bókun Heilbrigðisnefndar Suðurlands varðandi fyrirhugaðar breytingar tengdar „Ármanns skýrslunni" svo kölluðu, sbr. hér.

Stjórn SASS tekur undir bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar 16. nóvember sl. um að mörgum spurningum sé enn ósvarað varðandi fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælaeftirliti.

Stjórn SASS leggur áherslu á að fyrirhugaðar breytingar muni ekki fela í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög og að í áframhaldandi vinnu sé haft náið samráð við sveitarfélög, heilbrigðiseftirlitsnefndir og aðra hagaðila.

d. Tilnefningar í Minjaráð Suðurlands

Formaður kynnir erindi frá minjaverði Suðurlands um tilnefningar í Minjaráð Suðurlands.

Stjórn samþykkir að tilefna til áframhaldandi setu Ásborgu Arnþórsdóttur sem aðalmann og Ara Björn Thorarensen sem varamann.

Stjórn SASS gerir athugasemd við að fulltrúum í ráðinu skuli ekki greitt fyrir fundarsetu og fer fram á breytingu á því enda óumdeilt að sá sem tilnefndur er mun skila vinnuframlagi.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn í fjarfundi föstudaginn 2. febrúar nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 15:00

Ásgerður K. Gylfadóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Einar Freyr Elínarson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Njáll Ragnarsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Arnar Freyr Ólafsson
Árni Eiríksson
Brynhildur Jónsdóttir

# Fundargerð 941. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 12. janúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir , Valgerður Rún Benediktsdóttir , Grétar Sveinn Theodórsson og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Staða kjaramála - 2301032SA**

   Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í janúar 2024.

   *Í ljósi efnahagsþróunar telur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að mikilvægt sé að horft verði til samstillts átaks til að kveða niður verðbólguna. Komi til þess þá er Sambandið tilbúið til að koma að slíku átaki.*

Jón Björn Hákonarson vék af fundi kl. 09:05.

2. **Fundargerð 940. fundar - 2301014SA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 940 fundar stjórnar sambandsins frá 15. desember 2023, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

3. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

   Lögð fram fundargerð 92. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 15. desember 2023.

4. **Fundir Jónsmessunefndar - 2301035SA**

   Lagðar fram fundargerðir 30., 31., 32. og 33. samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 14. júní, 9. október, 8. og 22. nóvember 2023.

5. **Starfshópur um starfskjör - 2311004SA**

   Rætt um hugmyndir starfshóps um starfskjör.

6. **Breytingar á innra skipulagi sambandsins - 2303020SA**

   Rætt um skipulagsbreytingarnar og undirnefndir stjórnar.

   *Formanni og framkvæmdastjóra falið að fara yfir fyrirkomulag undirnefnda og koma með tillögu inn á næsta stjórnarfund.*

7. **Endurmörkun sambandsins - 2401009SA**

Samskiptastjóri gerði grein fyrir hugmynd að endurskoðun á heildarútliti Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Stjórn felur samskiptastjóra að vinna að endurmörkun í samvinnu við framkvæmdastjóra og koma með tillögur inn á fund stjórnar í febrúar.*

8. **Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga 2024-2038 - 2401010SA**

Lögð fram þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, sem samþykkt var á Alþingi 5. desember 2023.

9. **Slit ógjaldfærra opinberra aðila - 2310043SA**

Lagt fram minnisblað stjórnsýsluviðs sambandsins, dags. 11. janúar 2024, um drög að frumvarpi til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila, ásamt umsögn sambandsins, dags. 21. nóvember 2023.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur fyrirliggjandi frumvarp um slit ógjaldfærra opinberra aðila ekki þjóna hagsmunum sveitarfélaga. Frumvarpið mun ekki gagnast sveitarfélögum sem nú þegar hafa úrræði til þess að bregðast við ógjaldfærni B-hluta stofnana sveitarfélaga, auk þess sem frumvarpið er til þess fallið að hafa neikvæð áhrif á fjárfestingu og lánskjör B-hluta stofnana sveitarfélaga. Stjórn leggur áherslu á horft verði til hagsmuna sveitarfélaga hvað þetta varðar með það að markmiði að stofnanir sveitarfélaga verði ekki að neinu marki undir gildissviði laganna.*

10. **Matshópur um varúðarsjóð Brúar lífeyrissjóðs - eignir varúðarsjóðs - 2401001SA**

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 28. desember 2023, um eignir varúðarsjóðs.

11. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - dómur Héraðsdóms Reykjavíkur - 2401015SA**

Lagt fram til kynninar bréf Sigurðar Inga Jóhannessonar, innviðaráðherra, dags. 9. janúar 2024, sem sent var til allra sveitarstjórna um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

12. **Landsþing 2024 - 2304024SA**

Lagt fram til kynningar erindi sem var sent sveitarfélögum þann 10.janúar sl. um boðun XXXIX. landsþings sambandsins sem haldið verður í Silfurbergi í Hörpu 14. mars 2024.

13. **Tilnefning í úrskurðarnefnd vegna kostnaðar við skólagöngu fósturbarna 2024-2028 - 2311021SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 15. desember 2023, þar sem Gunnar Gíslason, forstöðumaður miðstöðvar skólaþróunar í Háskólanum á Akureyri, og Jónína Rós Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri Norðlingaskóla, eru tilnefnd í úrskurðarnefnd vegna kostnaðar við skólagöngu fósturbarna.

14. **Tilnefning í stjórn miðstöðvar barnamenningar - 2312006SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 15. desember 2023, þar sem Jana Salóme Jósepsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, og Eyþór Stefánsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi, eru tilnefnd í stjórn miðstöðvar barnamenningar.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

15. **Tilnefning í landskjörstjórn - 2310053SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. desember 2023, þar sem Magnús Karel Hannesson, fv. oddviti, er tilnefndur sem aðalmaður í landskjörstjórn. Einnig lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags, 8. janúar 2024, þar sem Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins, er tilnefndur sem varamaður Magnúsar Karels, í landskjörstjórn.

16. **Tilnefning í verkefnisstjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 2312040SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 19. desember 2023, þar sem Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur sambandsins, eru tilnefnd í verkefnisstjórn IHS.

17. **Tilnefning í starfshóp um námsgögn - 2312037SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 21. desember 2023, þar sem Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ, og Valdimar Víðisson, bæjarfulltrúi í Hafnarfjarðarbæ, eru tilnefnd í starfshóp um námsgögn. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

18. **Tilnefning í stjórn þróunarsjóðs námsgagna - 2312030SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 8. janúar 2024, þar sem Hjálmar Bogi Hafliðason, sveitarstjórnarfulltrúi í Norðurþingi, og Hela Þórðardóttir, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, eru tilnefnd í stjórn þróunarsjóðs námsgagna.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

19. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2312012SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. desember 2023, um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 535. mál.

20. **Umsögn um drög að reglugerð um merki fasteigna - 2312034SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 19. desember 2023, um drög að reglugerð um merki fasteigna, mál nr. S-258/2023.

21. **Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi - 2312013SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 10. janúar 2024, um frumvarp til laga um lagareldi, mál nr. S-253/2023.

Fundi var slitið kl. 10:10.

DIGITAL SIGNATURE 15.1.2024 10:01:28 GMT
Knútur Emil Jónasson
Knútur Emil Jónasson
Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 15.1.2024 10:12:28 GMT
Árni Eiríksson
Árni Eiríksson
Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 15.1.2024 10:46:39 GMT
Ása Valdís Árnadóttir
Ása Valdís Árnadóttir
Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 15.1.2024 11:00:46
Jónína Brynjólfsdóttir
Jónína Brynjólfsdóttir
Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 15.1.2024 11:17:09 GMT
Grétar Ingi Erlendsson
Grétar Ingi Erlendsson
Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 15.1.2024 17:15:07 GMT
Guðný Birna Guðmundsdóttir
Guðný Birna Guðmundsdóttir
Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 18.1.2024 13:52:13 GMT
Einar Kristján Jónsson
Einar Kristján Jónsson
Reason: Signature

# Fundargerð 68. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, miðvikudaginn 10. janúar kl. 12:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Einar Kristján Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason, lögfræðingur hjá GB Stjórnsýsluráðgjöf og Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Vindorkumál - 2201001SO**

Lagt var eftirfarandi fram til kynningar:
I. Drög að frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku).
II. Drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.
III. Minnisblað Guðjóns Bragasonar vegna frumvarps til laga um vindorkumál.

Guðjón Bragason fór yfir meginþætti frumvarpsins. Í kjölfarið hófust umræður og fyrirspurnir.

Stjórn gerir eftirfarandi bókun:

*Í samráðsgátt stjórnvalda er til umsagnar frumvarp til laga um vindorku. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga sendu frá sér fréttatilkynningu þann 13. desember síðastliðinn, eftir kynningu á tillögum starfshóps um vindorku, þar sem því var komið á framfæri að það væri mat stjórnar að með þessum tillögum væri sannarlega verið að stuðla að sátt um uppbyggingu vindorkunýtingar. Í fréttatilkynningu stjórnar kom fram að starfshópurinn hefði náð vel utan um álitamálin er varða uppbyggingu vindorkunýtingar svo sem hvort slík verkefni eigi heima innan eða utan ramma, leggja til að virt sé skipulagshlutverk sveitarfélaga, horft hafi verið til umhverfis og náttúruverndarsjónarmiða svo sem með útilokun svæða, ávarpað leiðir til forgangsröðunar uppbyggingu og fleira.*
*Jafnframt var tekið fram að stjórn Samtaka orkusveitarfélaga myndi taka málið fyrir og veita umsögn þegar það kæmi í heild sinni í samráðsgátt stjórnvalda. Stjórn samþykkir því að leita til Guðjóns Bragasonar, lögfræðings hjá GB Stjórnsýsluráðgjöf til að aðstoða stjórn samtakanna við að gera umsögn, annars vegar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku) og hins vegar um tillögu til*

*þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.*
*Stjórn samþykkir að umsögnin verði send til aðildarsveitarfélaga um leið og hún liggur fyrir.*
*Jafnframt bíður stjórn með eftirvæntingu eftir niðurstöðum starfshóps um skattlagningu á orkumannvirki en sú vinna tengist svo sannarlega uppbyggingu vindorku.*

2. **Önnur mál - 2011004SO**

Formanni falið að gera drög að fundaráætlun stjórnar.

Fundi var slitið kl. 13:30

Selfossi, 18.1.2024

# Fundargerð stjórnar

**************************

**16. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn fimmtudaginn 18. janúar 2024, kl. 14:15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

**Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir (á teams), Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (á teams), Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.**

1. **<u>Samningur vegna jarðvinnu</u>**
   Pétur kynnti samning vegna jarðvinnu við fyrirhugaða tækja- og búnaðargeymslu BÁ á Laugarvatni. Stjórn felur Pétri að undirrita samninginn.

2. **<u>Ráðningarmál dagvinnustarfsmanna á útkallssviði</u>**
   Pétur sagði frá breytingum hjá dagvinnustarfsmönnum, auglýst var eftir slökkviliðsmanni og varðstjóra og rann umsóknafrestur út 15.janúar. Nokkrar umsóknir bárust og farið verður yfir þær næstu daga.

3. **<u>Endurskoðun reikninga 2023</u>**
   Vinna við endurskoðun reikninga fyrir 2023 er að hefjast, stjórnendur hafa fundað með KPMG og mun vinna við uppgjör og endurskoðun hefjast fljótlega.

4. **<u>Breytingar innanhúss í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi</u>**
   Breytingar innanhúss í Björgunarmiðstöðinni kynntar stjórn og farið í skoðunarferð um húsið.

5. **<u>Önnur mál</u>**
   a. **Breytingar á stjórnskipulagi**. Helgi kynnti tillögur að nýju stjórnskipulagi BÁ. Umræður.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 15:15

# Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 22.01.2024
Tími: 15:59:39
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5b4dbcab-cd73-445d-a571-2fa74467e723

Árni Eiríksson

Undirritað af:
Árni Eiríksson
0809664589
Dags: 22.01.2024
Tími: 20:29:24
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5b4dbcab-cd73-445d-a571-2fa74467e723

Bragi Bjarnason

Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 22.01.2024
Tími: 15:54:07
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5b4dbcab-cd73-445d-a571-2fa74467e723

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Undirritað af:
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
2702725849
Dags: 22.01.2024
Tími: 15:52:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5b4dbcab-cd73-445d-a571-2fa74467e723

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Undirritað af:
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
2601794709
Dags: 30.01.2024
Tími: 11:11:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5b4dbcab-cd73-445d-a571-2fa74467e723

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Undirritað af:
Pétur Pétursson
2108735979
Dags: 22.01.2024
Tími: 15:56:08
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5b4dbcab-cd73-445d-a571-2fa74467e723

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson

Undirritað af:
Lárus Kristinn Guðmundsson
0803843199
Dags: 22.01.2024
Tími: 17:45:36
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5b4dbcab-cd73-445d-a571-2fa74467e723

Fundarritari
Unna Björg Ögmundsdóttir

Undirritað af:
Unna Björg Ögmundsdóttir
0310795359
Dags: 22.01.2024
Tími: 15:56:50
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 5b4dbcab-cd73-445d-a571-2fa74467e723

**Hulda Kristjánsdóttir**

| | |
|---|---|
| **From:** | Íris Ellertsdóttir <iris.ellertsdottir@arborg.is> |
| **Sent:** | fimmtudagur, 25. janúar 2024 10:20 |
| **To:** | Ásahreppur Ásahreppur; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; gogg; hruni; hvolsvollur; klaustur; Móttaka Hveragerði; myrdalshreppur; olfus@olfus.is; ry; skeidgnup@skeidgnup.is; Rósa Sif Jónsdóttir; Ráðhúspóstur DL; ellidi@olfus.is; Ásta Stefánsdóttir; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps; Valtýr Valtýsson; Haraldur Þór Jónsson; Hulda Kristjánsdóttir; Geir Sveinsson; Aldís Hafsteinsdóttir; sveitarstjori@ry.is; Fjóla Steindóra Kristinsdóttir; Anton Kári Halldórsson; Einar Elínarson; sveitarstjori |
| **Cc:** | Rósa Sif Jónsdóttir; Sandra Dís Hafþórsdóttir; Helga Kristjánsdóttir; Helga Guðrún Lárusdóttir |
| **Subject:** | Fundargerðir Bergrisans bs |
| **Attachments:** | Reglur Bergrisans um stoðþjónustu vi� fatla� fólk me� langvarandi stuðningsþarfir.pdf; 68. stjórnarfundur Bergrisans bs.pdf; 66. stjórnarfundur Bergrisans bs.pdf; 67. stjórnarfundur Bergrisans bs (2).pdf; 65. stjórnarfundur Bergrisans bs - Copy (1).pdf; 64. stjórnarfundur Bergrisans bs (4).pdf |

Sæl,

Meðfylgjandi eru fundargerðir Bergrisans bs. Jafnframt eru meðfylgjandi reglur um stoðþjónustu sem hvert sveitarfélag þarf að fjalla um og afgreiða. Að afgreiðslu lokinni óska ég eftir að mér sé send bókun vegna þessa.

*Bestu kveðjur,*
*Íris Ellertsdóttir,*
*verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks- Bergrisinn bs.*
*Sími 8391040*

# 64. stjórnarfundur Bergrisans bs.

09.10.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

**Fundinn sátu:** Bragi Bjarnason, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Elliði Vignisson, Sandra Sigurðardóttir
Eyrún Hafþórsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Ernar Harðar Sólveigardóttir, Anný Ingimarsdóttir, Sigþrúður Birta Jónsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

## Dagskrá

## Tillaga að breytingum á samþykktum Bergrisans bs.

Tillagðar eru breytingar á samþykktum Bergrisans bs. nr. 560/2023. Breytingarnar eru ekki efnislegar:

Lagatilvísun, 5. gr. laga nr. 38/2018, um samvinnu sveitarfélaga er færð í 2. gr samþykktanna.

Í 3. gr. er færður inn eftirfarandi texti: „Aðildarsveitarfélögin fara með ráðningu og starfslok starfsmanna félagsþjónustu."

Í 5 . gr. er fært inn lagaákvæði nr 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Stjórn samþykktir fyrirlagðar breytingar og leggur til umfjöllunar á aðalfundi Bergrisans bs.

## Fundargerðir þjónusturáðs

1. Nr. 173

Stjórn samþykkir fundargerð þjónusturáðs.

## Nýtt starf hjá Bergrisanum

Vegna aukinna verkefna leggur stjórn Bergrisans til við aðalfund Bergrisans 2023 að ráðinn verði inn starfsmaður til að sinna meðal annars fjármálum, stjórnsýslu og framkvæmd. Mótuð tillaga verður lögð fyrir aðalfund Bergrisans.

## Reglur um stoðþjónustu

Reglur um stoðþjónustu lagðar fram til kynningar og afgreiðslu. Stjórn samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti. Aðildarsveitarfélög Bergrisans þurfa að taka reglurnar til afgreiðslu.

Classification - Internal

Ekki fleira gert, fundi slitið kl. 13.58.

# Reglur Bergrisans bs. um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Fjölskyldusvið Árborgar, Fjölskyldu- og fræðslusvið Ölfuss, Fræðslu- og velferðarþjónusta Hveragerðis, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

**Bergrisinn bs.**
1. **Bergrisinn bs.** er byggðasamlag sem stofnað var skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og fer með málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi á starfssvæði eftirtalinna sveitarfélaga skv. samþykktum byggðasamlagsins: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes - Grafningshreppur, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur. Innan Bergrisans bs. eru fimm félags- og velferðarþjónustusvæði sem starfa við veitingu þjónustu í umboði byggðasamlagsins: Fjölskyldusvið Árborgar, Fjölskyldu- og fræðslusvið Ölfuss, Fræðslu- og velferðarþjónusta Hveragerðis, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

2. **Þjónusturáð:** Ráðið starfar á grundvelli starfsreglna sem samþykktar eru af stjórn Bergrisans bs. og gerir tillögur vegna stærri ákvarðana og stefnumörkunar til stjórnar Bergrisans bs. Þjónusturáð er skipað fimm félags- og velferðarþjónustusvæðum.

3. **Fagteymi**: Teymið starfar á grundvelli starfsreglna sem samþykktar eru af stjórn Bergrisans bs. og fjallar um öll erindi er varða sértæka þjónustu gagnvart einstaklingum og gerir tillögu að afgreiðslu þeirra til þjónusturáðs. Í fagteymi sitja fulltrúar fyrrgreindra félags- og velferðarþjónustusvæða og er skipað af þjónusturáði á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

## I. Kafli
## Almennt um stuðning við fatlað fólk

### 1. gr.
### Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita skv. 1., 2., 3. og 5. tölul. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Að jafnaði skal nýta almenna þjónustu samkvæmt reglum um stuðningsþjónustu, allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, áður en stuðningur samkvæmt reglum þessum kemur til. Öll þjónusta til fatlaðs fólks skal vera samfelld, einstaklingsbundin og samþætt í þágu notenda.

### 2. gr.
### Markmið

Markmið stoðþjónustu samkvæmt reglum þessum er að veita fötluðu fólki stuðning til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum, sbr. 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Markmiðið er að styðja notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við margháttaða aðstoð við athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, verið sjálfstæðir og félagslega virkir. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem fatlað fólk setur sér til að ráða við daglegt líf.

**3. gr.**
**Stuðningur**
Stoðþjónusta er til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu og langvarandi stuðningsþarfa þar sem stuðningsþörfum verður ekki fullnægt innan almennrar þjónustu. Um er að ræða margháttaðan stuðning sem byggist meðal annars á einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess.

Með stuðningi í reglum þessum er átt við eftirfarandi þjónustuþætti:

a) Sérhæfð ráðgjöf felst í að veita fötluðu fólki og aðstandendum þeirra félagslega ráðgjöf og stuðning, t.d. varðandi ýmis réttindamál, velferðartækni og til sjálfstæðrar búsetu. Jafnframt felst ráðgjöfin í samræmingu ýmissa þátta, s.s. skóla, heimilis, tómstunda og vinnu, með því markmiði að stuðningur nýtist sem best. Sérhæfð ráðgjöf hefur það að markmiði að aðstoða fatlað fólk til sjálfshjálpar en getur einnig falist í ráðgjöf til starfsmanna stoðþjónustu.

b) Stuðningur við athafnir daglegs lífs við persónulega aðhlynningu, s.s. við að klæða sig og sinna persónulegu hreinlæti, borða og taka lyf. Auk þess er um að ræða stuðning við að útvega hjálpartæki, nýta velferðartækni o.fl.

c) Stuðningur við heimilishald er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili einstaklings svo hann geti búið heima. Auk þess er um að ræða stuðning við að nýta velferðartækni sem auðveldar heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.

d) Félagslegur stuðningur miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja til þátttöku í félags- og tómstundastarfi sem og að styðja við atvinnuþátttöku, nám o.fl.

e) Stuðningur við fatlaða foreldra vegna umönnunar barna sinna. Stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning. Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi, eftir því sem kostur er.

Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir

Leitast skal við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Ekki er gert ráð fyrir að aðstoðarfólk sé maki, sambýlisfólk eða náinn ættingi, sem heldur heimili með notanda.

## II. Kafli
## Skilyrði fyrir stoðþjónustu

4. gr.

**Skilyrði fyrir því að umsókn um stoðþjónustu verði samþykkt**

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum.

1. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef einstaklingur er yngri en 18 ára vísast til reglna um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
2. Umsækjandi skal eiga lögheimili í einu af þrettán sveitarfélögum sem mynda þjónustusvæði Bergrisans bs. Umsækjandi sem er með lögheimili utan þjónustusvæðisins getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjandi sé með skráð lögheimili á þjónustusvæðinu á meðan þjónustan er veitt.
3. Umsækjandi skal teljast fatlaður í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018
4. Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á stuðningi samkvæmt reglum þessum.
5. Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðning samkvæmt matsviðmiðum- sjá fylgiskjal 1
6. Umsækjandi skal hafa fullnýtt þjónustu samkvæmt reglum lögheimilis sveitarfélags um stuðningsþjónustu.

Umsækjanda skal tilkynnt um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt og hvernig umsókn hans hafi verið metin samkvæmt 5. lið 1. mgr. 4. gr. reglna þessara.

Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og sækir um stuðning samkvæmt reglum þessum getur átt rétt á þjónustu ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu.

## III. kafli
## Umsóknir og mat

5. gr.

**Aðgengi að stuðningi**

Óski fatlaður einstaklingur eftir ráðgjöf og stuðningi skal panta viðtal við ráðgjafa hjá velferðarþjónustu hjá sínu lögheimilis sveitarfélagi.

Leiði viðtöl í ljós að þörf sé á frekari stuðningi samkvæmt reglum þessum skal undirrita umsókn um stuðning. Í kjölfar þess skal lagt mat á stuðningsþörf umsækjanda í samvinnu við hann samkvæmt matsviðmiðum á fylgiskjali 1.

**6. gr.**
**Fylgigögn með umsókn og upplýsingaöflun**

Við undirritun umsóknar er umsækjandi upplýstur um heimild félagsþjónustu til að afla gagna frá þeim aðilum sem þar eru tilgreindir. Heimilt er að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum og/eða gögnum frá umsækjanda og öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlinu stendur. Ef þörf er á skal umsækjandi fá aðstoð við öflun nauðsynlegra gagna.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir:

1. Örorkumat tilkomið vegna fötlunar.
2. Staðfesting á fötlun, s.s. fullnægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Ráðgjafar- og greiningarstöð
3. Staðlað mat á umfangi stuðningsþarfa (SIS-mat), ef við á.

**7. gr.**
**Mat á stuðningsþörf**

Mat á stuðningsþörf er gert í samvinnu við umsækjanda og tekur mið af þörfum hans fyrir þjónustu eða aðstoð í daglegu lífi vegna fötlunar til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun. Mat á stuðningsþörf fer fram hjá félagsþjónustu/velferðarþjónustu, á heimili umsækjanda eða öðrum vettvangi í samráði við umsækjanda. Stuðningsþarfir eru einstaklingsbundnar og taka einnig mið af þörfum og aðstæðum fjölskyldu umsækjanda.

Við mat á stuðningsþörf er horft til heildar aðstæðna umsækjanda og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er að styðja umsækjanda við athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, verið sjálfbjarga og félagslega virkur. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs kjósi umsækjandi það. Stuðningur byggir fyrst og fremst á þeim markmiðum sem umsækjandi setur sér í daglegu lífi.

Við mat á stuðningsþörf og við forgangsröðun umsókna skal litið til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

1. Þarfa umsækjanda fyrir stuðning
2. Færni/getu og styrkleika
3. Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets
4. Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni
5. Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda
6. Annars veitts stuðnings

Vísað er til matsviðmiða á fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á fundi fagteymis og á grundvelli mats er tekin ákvörðun um innihald, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er og útfærður í stuðningsáætlun í samvinnu við umsækjanda. Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd.

Þegar um er að ræða alvarleg veikindi skal stuðningur ætíð metinn, skipulagður og samhæfður með fagaðilum heimahjúkrunar í samræmi við þarfir umsækjanda.

Sé niðurstaða mats á stuðningsþörf sú að aðstæður umsækjanda séu með þeim hætti að ekki sé þörf á stuðningi samkvæmt reglum þessum ber að synja umsókninni og skal málsmeðferð vera í samræmi við VI kafla reglna þessara.

**8. gr.**
**Stuðningsáætlun**

Áður en stuðningur hefst skal gert samkomulag um stuðning, þ.e. stuðningsáætlun, og/eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun, sbr. 8. tl. 2. gr. laga um um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, eftir því sem við á hverju sinni og vera í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn reglulega.

Í stuðningsáætlun skal eftirfarandi koma fram:

a. Tilgangur með stuðningi
b. Hvernig settum markmiðum með þjónustunni skuli náð
c. Gildistími samþykktrar umsóknar
d. Hvers konar stuðningur verði veittur
e. Umfang stuðnings
f. Verkefni og vinnutilhögun
g. Upphæð útlagðs kostnaðar þegar stuðningur er veittur. Miðað skal við upphæð á mánaðargrunni, sbr. viðmið félagsþjónustu/velferðarþjónustu lögheimilis sveitarfélags

Í stuðningsáætlun skal einnig kveða á um fyrirkomulag stuðnings vegna meðferðar einkafjármuna og lyklanotkunar umsækjanda.

Stuðningsáætlun skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Komist umsækjandi og ráðgjafi ekki að samkomulagi um fyrirkomulag stuðnings skal óska eftir sérstöku mati af hálfu fagteymis Bergrisans. Tryggja skal að umsækjandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi.

**9. gr.**
**Forgangsröðun umsókna**

Uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. reglna þessara og þörf er fyrir stuðning umfram sérhæfða ráðgjöf skal umsókn metin á grundvelli þeirra matsviðmiða sem tilgreind eru í 6. gr. og á fylgiskjali 1 með reglum þessum. Að mati loknu raðast umsóknir í forgangsröð á grundvelli viðmiða sem tilgreind eru á fylgiskjali 2 með reglum þessum.

Þegar umsókn um stuðning hefur verið samþykkt er gerð stuðningsáætlun og einstaklingsbundin þjónustuáætlun, þegar við á, og stuðningur getur hafist. Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að stuðningur verði veittur

Ef fyrirséð er að stuðningur geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu nr. 1035/2018.

## IV. kafli
## Framkvæmd

### 10. gr.
### Tími og umfang stuðnings

Að jafnaði er stuðningur samkvæmt reglum þessum veittur milli kl. 07.00 og 24.00. Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir. Ákvörðun um stoðþjónustu felur í sér að stuðningur sé að jafnaði veittur í tiltekinn fjölda klukkustunda í mánuði eða í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum.

### 11. gr.
### Gildistími og endurmat

Samþykkja skal stuðning til ákveðins tíma, í fyrsta skipti til þriggja mánaða en að þeim tíma liðnum skal endurmeta fyrirkomulagið með tilliti til framlengingar. Eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti skal endurmeta stuðningsáætlun, gera viðeigandi breytingar eða ljúka stuðningi. Meta skal stuðningsáætlun í samvinnu við þann sem nýtur stuðningsins. Endurmat á stuðningsáætlun skal skráð við endurnýjun stuðningsáætlunar þar sem jafnframt skal koma fram hvort stuðningur hafi skilað þeim markmiðum sem sett voru í upphafi. Þegar stuðningi lýkur skal árangur þjónustunnar skráður sérstaklega.

Þegar breytingar verða á aðstæðum og högum viðkomandi einstaklings skal endurmeta stuðningsþörf. Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis og stuðningsáætlunar. Í þeim tilvikum sem stuðningsþörf er óbreytt þarf ekki að sækja um að nýju heldur skal endurnýja áætlun á tveggja ára fresti í samráði við viðkomandi einstakling. Fari sú endurskoðun ekki fram skal tryggja að ekki verði rof á þjónustu.

Ávallt skal tryggt að ekki verði um rof á þjónustu að ræða þegar endurmat á sér stað.

## V. kafli
## Ýmis ákvæði

**12. gr.**
**Ferðir og kostnaður**

Að meginstefnu skal nota almenningssamgöngur þegar stoðþjónusta er veitt utan heimilis. Þegar stuðningur er veittur í tengslum við tómstundir ber viðkomandi einstaklingi að greiða fyrir sjálfan sig þann kostnað sem þar fellur til. Félagsþjónusta/velferðarþjónusta lögheimilis sveitarfélags endurgreiðir starfsmanni útlagðann kostnað vegna þjónustunnar. Útlagður kostnaður starfsmanns skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru í stuðningsáætlun. Miðað skal við upphæð á mánaðargrunni, sbr. viðmið félagsþjónustu/velferðarþjónustu lögheimilis sveitarfélags.

Starfsmönnum er óheimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá þeim er njóta þjónustu eða forráðamönnum þeirra.

Félagsþjónusta/velferðarþjónusta lögheimilis sveitarfélags greiðir starfsmanni bifreiðastyrk skv. akstursdagbók sé heimild fyrir akstri á einkabifreið samkvæmt stuðningsáætlun. Í þeim tilfellum skal miða við hámarksfjölda kílómetra á mánaðargrunni, sbr. viðmið félagsþjónustu/velferðarþjónustu. Horft skal til fjölda samþykktra tíma við ákvörðun kílómetrafjölda. Greitt er fyrir akstur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins um kílómetragjald hverju sinni.

**13. gr.**
**Vinnuaðstæður**

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 merkir vinnustaður það umhverfi innanhúss og utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um starfa sinna vegna. Þar skal gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður. Starfsmaður skal hafa aðgang að þeim búnaði sem nauðsynlegur er svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi.
Vinna starfsmanna í stoðþjónustu fer fram á einkaheimilum og þarf notandi eða umbjóðandi hans að tryggja að aðstæður séu þannig að áður nefndum atriðum sé fullnægt.

Skapist þær aðstæður inni á heimilinu að öryggi starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir. Fresta getur þurft þjónustu á meðan leitað er ráðgjafar og aðstoðar við að finna viðeigandi lausnir.
Starfsmönnum er óheimilt að reykja inni á heimilum notenda og notendur gangast inn á að reykja ekki meðan starfsmenn eru inni á heimilinu.

**14. gr.**
**Lyklanotkun**

Ef starfsmaður þarf lykil að heimili einstaklings skal hann geymdur á starfsstöð starfsmanns. Kveða skal á um það í stuðningsáætlun og halda skal skrá yfir lyklanotkun. Það sama gildir um raflása

## VI. kafli
## Málsmeðferð

**15. gr.**
**Málsmeðferð**

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

**16. gr.**
**Viðeigandi aðlögun**

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

**17. gr.**
**Málshraði**

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst. Sama á við ef velferðarsviði lögheimilis sveitarfélags berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Þjónusturáð Bergrisans skal taka ákvörðun í máli án óhóflegra tafa og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

**18. gr.**
**Samvinna við umsækjanda**

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

**19. gr.**
**Endurskoðun**

Rétt til stoðþjónustu má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi stoðþjónustu fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang þjónustu.

**20. gr.**
**Rangar eða villandi upplýsingar**

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stoðþjónustu er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það synjun umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

**21. gr.**
**Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskylda helst eftir að starfsmaður lætur af störfum. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

**22. gr.**
**Leiðbeiningar til umsækjanda**

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk félagsþjónustu/velferðarþjónustu lögheimilis sveitarfélags bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsfólk einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

**23. gr.**
**Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Þjónusturáð Bergrisans tekur ákvarðanir um þjónustu byggða á reglum þessum sem öðlast gildi með samþykki stjórnar Bergrisans bs.

**24. gr.**
**Niðurstaða og rökstuðningur synjunar**

Kynna skal niðurstöðu á afgreiðslu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

**25. gr.**
**Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Ákvörðun þjónusturáðs Bergrisans bs. skal kynnt umsækjanda skriflega og samhliða kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála. Umsækjandi getur kært synjun þjónusturáðs Bergrisans bs. til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun þjónusturáðs Bergrisans bs.

**26. gr.**
**Gildistaka**

Staðfest á xx. fundi stjórnar Bergrisans bs. þann xxx 2024. Reglur þessar öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.
(Staður og dags).

Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri Bergrisans bs.
B deild – Útgáfud.: xxxx 2023

## Fylgiskjal 1

Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum Bergrisans bs um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Við mat á stuðningsþörf skal m.a. horft til eftirfarandi atriða og við lok mats skal tekin saman niðurstaða ráðgjafa/fagfundar/teymis:

1. Félagslegar aðstæður
    a. Tengslanet
    b. Heimilisaðstæður

c. Annað sem snýr að félagslegum aðstæðum

2. Samfélagsleg þátttaka og virkni

    a. Atvinna
    b. Nám
    c. Tómstundir
    d. Áhugamál
    e. Félagsstarf
    f. Annað sem snýr að samfélagslegri þátttöku og virkni

3. Félagsleg færni

    a. Samskiptafærni
    b. Ákvörðunartaka
    c. Vinna í hópi
    d. Annað sem snýr að félagslegri færni

4. Styrkleikar

    a. Styrkleikar umsækjanda

5. Athafnir daglegs lífs

    a. Daglegar athafnir
    b. Svefn
    c. Næring
    d. Persónulegt hreinlæti
    e. Heimilishald
    f. Hjálpartæki
    g. Annað sem snýr að athöfnum daglegs lífs

6. Heilsa

    a. Andleg heilsa
    b. Líkamleg heilsa
    c. Lyf
    d. Óþol/ofnæmi

e. Annað sem snýr að heilsu

7. Háttsemi

a. Ofbeldi
b. Sjálfskaðandi háttsemi
c. Fíknivandi
d. Annað sem snýr að háttsemi

Hvert og eitt atriði er metið sérstaklega með tilliti til stöðu umsækjanda, stuðningsþarfar og núverandi stuðnings, hvort sem hann er veittur af Bergrisanum bs. eða öðrum aðilum.

## Fylgiskjal 2

Forgangsröðun samkvæmt reglum Bergrisans bs. um stoð- og stuðningsþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Við mat á forgangi er byggt á matsviðmiðum á fylgiskjali 1, þar sem litið er til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og styrkleika
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets
- Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hafi fyrir umsækjanda
- Annars stuðnings sem viðkomandi fær

1. Neyðarástand

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust. Um er að ræða stuðning þegar einstaklingi er hætta búin, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp. Töf á veitingu stuðnings hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

2. Stuðningur er til staðar

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum. Áframhaldandi stuðningur er nauðsynlegur.

3. Snemmtæk íhlutun

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að inngrip þarf í forvarnarskyni, til þess að fyrirbyggja þróun til verri vegar og þörf fyrir meiriháttar inngrip síðar meir. Töf á veitingu stuðnings hefur verulegar afleiðingar í för með sér fyrir notendur.

4. Töf hefur óverulegar afleiðingar

Aðstæður einstaklings eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðninginn strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðningi. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.

# 65. stjórnarfundur Bergrisans bs.

09.11.2023

Staðsetning: fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 15:00

**Fundinn sátu:** Ása Valdís Árnadóttir, Bragi Bjarnason, Sandra Sigurðardóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð. Gestur undir fundarlið eitt og tvö var Steinunn Erla Kolbeinsdóttir og Haraldur L. Haraldsson var gestur undir fundarlið tvö.

## Dagskrá

### 1. Staða samningaviðræðna við Skaftholt ses.

Í gildi er þjónustusamningur við Skafholt en hann rennur sitt skeið um áramótin 2023/2024. Er Skaftholt í kjölfar þess tímafrests skuldbundið til að veita sjö íbúum þjónustu til áramóta 2024/2025. Í erindi frá Skaftholti kemur fram að stjórn hafi vilja til að þjónusta sjö einstaklinga á árinu 2024 og fimm einstaklinga í kjölfarið, náist samningar um rekstur. Erindi frá Skafholti er lagt fram til kynningar ásamt minnisblaði frá samráðsfundi Bergrisans og Skaftholts. Lagt er til að leitast verði eftir að ná samningum við Skaftholt um þjónustu við sjö einstaklinga á árinu 2024 og fimm einstaklinga á árunum 2025-2026.

Stjórn Bergrisans samþykkir tillöguna.

### 2. Kröfugerð Sólheima ses.

Kröfugerð Sólheima ses. er lögð fram til kynningar og jafnframt, fyrir hönd stjórnar Bergrisans bs., álit HLH ráðgjafar en ágreiningur er á milli aðila á túlkun greiðsluákvæða gildandi þjónustusamnings á árinu 2023.

Stjórn Bergrisans óskar eftir því að Steinunn Kolbeinsdóttir, lögmaður, svari erindi Sólheima fyrir hönd stjórnar.

Sandra Sigurðardóttir víkur af fundinum.

### 3. Fundargerðir þjónusturáðs

1. Nr. 174 lögð fram til kynningar

Fundi slitið klukkan 16:54

# 66. stjórnarfundur Bergrisans bs.

20.11.2023

Staðsetning: fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

**Fundinn sátu:** Fjóla Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir, Elliði Vignisson
Svava Davíðsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Sigþrúður Birta Jónsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir er gestur undir fyrri fundarlið.

## Dagskrá

### 1. Staða samningaviðræðna við Sólheima

Samningaviðræður við Sólheima standa yfir. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður, fjallar um forsendur núverandi samnings við Sólheima og kynnir jafnframt tillögur að samningi en ný samningsdrög byggja á núverandi samningsforsendum ásamt því sem horft er til fyrirliggjandi gagna við vinnuna, t.a.m. greiningu HLH ráðgjafar sem unninn var að beiðni stjórnar Bergrisans.

Samningur við Sólheima rennur út um áramótin og leggur stjórn Bergrisans því áherslu á áframhaldandi samningaviðræður í samræmi við upplegg sem Steinunn kynnir á fundinum. Verkefnastjóri Bergrisans ásamt formanni stjórnar Bergrisans í samvinnu við Steinunni Erlu fara fyrir samningaviðræðunum.

### 2. Starfsemi Bergrisans

Samráðshópur leggur fram tillögu að auglýsingu fyrir skrifstofustjóra Bergrisans bs. Jafnframt eru lögð fram drög að starfslýsingu fyrir starfið og drög að starfslýsingu verkefnastjóra Bergrisans. Stjórn Bergrisans samþykkir starfslýsingarnar og auglýsinguna.

Fyrir liggja tilboð í ráðningarferlið frá þremur ráðningarskrifstofum og samþykkir stjórn að ráða Intellecta til að halda utan um ráðningaferli nýs skrifstofustjóra Bergrisans bs. Stjórn Bergrisans felur jafnframt Fjólu St. Kristinsdóttur og Ásu Valdísi Árnadóttur fyrir hönd Bergrisans að sjá um ráðningarferlið með Intellecta.

Fundi slitið klukkan 14:21

# 67. stjórnarfundur Bergrisans bs.

04.12.2023

Staðsetning: fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

**Fundinn sátu:** Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, stjórnarformaður, Ása Valdís Árnadóttir, stjórnarmaður, Anton Kári Halldórsson, stjórnarmaður og Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóra Bergrisans bs. sem jafnframt ritaði fundargerð.
Svava Davíðsdóttir, Sigþrúður Birta Jónsdóttir og Anný Ingimarsdóttir.
Gestur á fundinum undir lið þrjú er Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

## Dagskrá

### 1. Fundargerðir Þjónusturáðs

Svava Davíðsdóttir, formaður þjónusturáðs kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 175a.

### 2. Beiðni um aukið stöðugildi, íbúðakjarni Vallholt 12-14

Óskað er eftir aukningu á stöðugildum um 1,15 vegna breytinga á samsetningu sértækrar þjónustu að Vallholti 12-14. Íbúar eru fimm talsins og verða stöðugildi 12,5 fáist beiðnin samþykkt. Kostnaður á ársgrundvelli vegna aukningarinnar verða kr. 10.440.000. Þjónusturáð Bergrisans hefur þegar fjallað um beiðnina og samþykkt hana fyrir sitt leyti.

Stjórn samþykkir beiðnina.

### 3. Staða samningaviðræðna við Sólheima

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir kynnir drög að samningi við Sólheima um sértæka þjónustu sem veitt er þjónustunotendum sem búa á Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi og eru í samræmi við kröfur í lögum og reglugerðum sem í gildi eru um þjónustu við fatlað fólk og mun gilda frá og með árinu 2024.
Stjórn samþykkir samningsdrögin.

Fundi slitið klukkan 14:21

Classification - Internal

# 68. stjórnarfundur Bergrisans bs.

18.12.2023

Staðsetning: fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

**Fundinn sátu:** Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Sandra Sigurðardóttir,
Svava Davíðsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Anný Ingimarsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

## Dagskrá

### 1. Þjónustusamningur við Skaftholt

Þjónustusamningur við Skaftholt er í gildi til áramóta 2023/2024. Þjónusta verður veitt út árið 2024. Að beiðni stjórnar Skaftholts verður sá samningur ekki endurnýjaður. Í Skaftholti búa sjö einstaklingar sem verður boðin búseta á þjónustusvæði Bergrisans á árinu 2024. Stjórn felur verkefnastjóra Bergrisans að útfæra aðgerðaráætlun vegna breytinganna.

### 2. Staða samningaviðræðna við Sólheima

Þjónustusamningur vegna þjónustu við 43 einstaklinga sem búa á Sólheimum er í gildi til áramóta 2023/2024. Aðilar eiga í samtali vegna samninga. Jafnframt er unnið að lausn varðandi ágreining um uppgjör vegna rekstrarársins 2023. Af hálfu beggja aðila er óskað er eftir aðkomu Innviðaráðuneytis að verkefninu og er sú vinna hafin.

Fundi slitið klukkan 13:25

# 69. stjórnarfundur Bergrisans bs.

27.01.2024

Staðsetning: Bankinn vinnustofa og fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

**Fundinn sátu:** Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Elliði Vignisson, Sandra Sigurðardóttir.
Á Teams voru þær Svava Davíðsdóttir, Anný Ingimarsdóttir og Sigþrúður Birta Jónsdóttir.
Gestur á fundinum undir lið tvö er Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

## Dagskrá

### 1. Nýr starfsmaður Bergrisans bs.

Auglýst var starf skrifstofustjóra Bergrisans bs. 24 umsóknir bárust um starfið. Sjö einstaklingar voru teknir í viðtöl og tveir í framhaldsviðtal.

Lagt er til við stjórn Bergrisans að samþykkja að Bjarki R. Kristjánsson verði ráðinn í 80% starf sem skrifstofustjóri byggðasamlagsins. Fjólu St. Kristinsdóttur er falið að ganga frá ráðningunni.

### 2. Viðauki við þjónustusamning- Sólheimar

Gerður er viðauki við þjónustusamning sem undirritaður var 13. september 2019 með gildistíma til 31. desember 2023. Viðauki gildir þar til aðilar hafa náð samningi um áframhaldandi þjónustu við fatlaða einstaklinga sem hafa búsetu á Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi til næstu fimm ára með möguleika til tveggja ára til viðbótar. Nýr þjónustusamningur mun hafa gildistíma frá 1. janúar 2024 og munu framlög til þjónustusala vegna þeirrar þjónustu sem veitt er fötluðum einstaklingum með búsetu á Sólheimum vera samkvæmt ákvæðum nýs samnings þ.m.t heildargreiðslur fyrir árið 2024. Viðaukinn fjallar einnig um fullnaðargreiðslu vegna uppgjörs ársins 2023.

Stjórn samþykkir viðaukann og staðfestir heimild Fjólu St. Kristinsdóttur til að undirrita viðaukann fyrir hönd stjórnar Bergrisans.

### 3. Drög að þjónustusamningi við Sólheima

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður, leggur fram drög að þjónustusamningi við Sólheima með gildistíma 1. janúar 2024 til 31. desember 2028. Samningurinn tekur til sértækrar þjónustu sem veitt er þjónustunotendum sem búa að Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi og ber þjónustuaðili alla ábyrgð á þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins og að hún sé í samræmi við kröfur í lögum og reglugerðum sem eru í gildi á hverjum tíma um þjónustu við fatlað fólk.

Classification - Internal

Samningsdrögin eru einnig lögð fyrir fulltrúa Innviðaráðuneytisins sem hafa áður komið að verkefninu að beiðni Sólheima ses og stjórnar Bergrisans bs. Drögin geta tekið breytingum í því ferli.

Lokadrög samnings verða lögð fyrir stjórn Bergrisans bs.

## 4. Fjárhagsáætlun vegna þjónustu við fatlað fólk- Fagrabrekka

Sólheimar ses leggja fram fjárhagsáætlun vegna rekstrarársins 2024. Miðað er við að rekstrarkostnaður vegna Fögrubrekku verði 95.253.000 en í gildandi fjárhagsáætlun Bergrisans er gert ráð fyrir rekstrarkostnaði að upphæð 94 mkr.

Stjórn samþykkir kostnaðinn og að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun.

## 5. Fundargerðir Þjónusturáðs

Svava Davíðsdóttir, formaður þjónusturáðs kynnir fundargerðir þjónusturáðs númer 176 og 177.

## 6. Beiðni um fjölgun stunda í NPA samning

Anný Ingimarsdóttir leggur erindi fyrir stjórn Bergrisans. NPA setur óskar eftir að mánaðarlegur frádráttur vegna viðveru notanda á VISS verði 293.000 kr. og að samningsupphæð hækki um 143.760 kr. á mánuði og verði þá 3.344.280 kr. Er þannig tekið tillit til þess að viðvera notanda í VISS fer fram í dagvinnutíma en útreikningar samnings miða við vegna jafnaðarstund. Óskað er eftir leiðréttingu frá 1. júní 2023.

Þjónusturáð Bergrisans hefur samþykkt beiðnina fyrir sitt leyti frá og með 1. janúar 2024.

Stjórn samþykkir tillögu þjónusturáðs og að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun.

## 7. Beiðni um aukið stöðugildi- Viss Hvolsvelli

Svava Davíðsdóttir leggur erindi fyrir stjórn Bergrisans. Óskað er eftir aukningu stöðugildis Í Viss Hvolsvelli um 0,5. Fjölgun hefur orðið á fötluðum starfsmönnum í Viss og er starfsemin að flytjast í stærra húsnæði. Með fjölgun stöðugildis um 0,5 eru starfsmenn hverju sinni þrír á vakt og er það talið nauðsynlegt vegna öryggisþátta og faglegs innra starfs. Áætlaður kostnaður eru kr. 4.964.000.

Stjórn samþykkir tillögu þjónusturáðs og að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun.

## 8. Tillaga að skipulagsbreytingum vegna búsetu og skammtímadvalar í Árborg

Sigþrúður Birta Jónsdóttir leggur erindi fyrir stjórn Bergrisans. Lagt er til að gera breytingar á stjórnskipulagi í málefnum fatlaðs fólks í Árborg. Lagt er til að forstöðustarf yfir búsetu fyrir börn falli undir forstöðumenn skammtímadvalar með aðstoð deildarstjóra á báðum stöðum. Mikil samlegðaráhrif eru á einingunum og og hægt er að horfa heildrænt til framtíðar varðandi mat og greiningu á þörf á úrræðum og þjónustu undir sama forstöðumanni. Að auki er lagt til að forstöðustarf í Vallholti 12-14 og Nauthaga muni vera sameinuð með deildarstjóra á báðum einingum í fullu starfi.

Ávinningur af breytingunum er að líkindi eru á rekstri úrræða fyrir börn annars vegar og fullorðna hins vegar. Þannig fæst hagræði og sérhæfð stýring á úrræðunum. Áætlað er að launakostnaður vegna breytinganna dragist saman um allt að 3.600.000 kr. á ári.

Tillagan miðar við að breytingar verði gerðar til eins árs. Við enda árs skal meta ávinning breytinganna ásamt mati á álagi forstöðumanna og deildarstjóra.

Stjórn samþykkir tillöguna og felur Sigþrúði Birtu að útfæra breytinguna.

Fundi slitið klukkan 15:10

Skóla- og velferðarþjónusta

*ALMENN FUNDARGERÐ* *Fagnefnd Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings*

**2. fundur fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn þriðjudaginn 9. janúar 2024 kl. 16:00 í fundarsal í Laugarási, Bláskógabyggð.**

**Mættir voru:** Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður (Flóahreppi), Andrea Sif Snæbjörnsdóttir (Skeiða-og Gnúpverjahreppi) Bjarney Vignisdóttir (Hrunamannahreppi) og Steinar Sigurjónsson (Grímsnes-og Grafningshreppi). Trausti Hjálmarsson (Bláskógarbyggð) boðaði forföll..

Auk þess sitja fundinn Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri, velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. **Erindisbréf**
   Farið var yfir lokaeintak af erindisbréfi Fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu, samþykkt án athugasemda.

2. **Stytting vinnuvikunnar**
   Rætt var um styttingu vinnuvikunnar og þau áhrif sem það hefur á faglegt starf leikskóla. Mismunandi var hvaða leiðir voru farnar innan hvers sveitarfélags og eru nefndarmenn sammála um að æskilegt sé að skoða við lok skólaárs hvernig til hefur tekist. Samþykkt var að deildarstjóri skólaþjónustu haldi rýnifund með stjórnendum til að meta hvernig til tókst.

3. **Innleiðing á farsældarlögunum**
   Deildarstjórar kynntu hvernig staðan er í vinnu við innleiðingu farsældarlaganna.

4. **Tölulegar upplýsingar**
   Deildarstjórar kynntu tölulegar upplýsingar um þjónustuna:
   Velferðarþjónusta
   Í lok árs 2023 voru 79 heimili með heimaþjónustu og 17 starfsmenn sem sinntu þessum heimilum í mismiklu starfshlutfalli.
   Tilkynningar til barnaverndar voru 67 vegna 47 barna. Flestar tilkynningar komu frá grunnskólum, lögreglu og ættingjum. Flestar tilkynningar voru vegna vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit eða 30 tilkynningar, 21 tilkynning barst vegna áhættuhegðunar og 13 tilkynningar þar sem tilkynnt var um ofbeldi gagnvart barni.
   Vegna málefna fatlaðs fólks voru 33 einstaklingar (fyrir utan heimilisfólk Sólheima sem eru 45 og Skaftholts sem eru 7) með þjónustu frá velferðarþjónustunni.

BV SR GH 85. AI

Skóla- og velferðarþjónusta

Skólaþjónusta

Árið 2023 (frá 1. mars) voru unnar 46 greiningar hjá sálfræðingum og 6 greiningar voru í vinnslu um áramót. Í upphafi árs 2024 eru 38 börn á biðlista. Greiningar hjá talmeinafræðingum voru 15 árið 2023 og um áramót voru 7 mál í vinnslu. Í upphafi árs 2024 eru 19 mál á biðlista. Frá ágúst 2023 hefur verið lögð áhersla á greiningar en minna á talþjálfun þar sem aðeins einn talmeinafræðingur hefur verið í 60% stöðu frá maí 2023. Frá því í ágúst hefur uppeldis- og kennsluráðgjafi fengið 18 tilvísanir þar sem óskað er eftir ráðgjöf og stuðningi vegna málefna nemenda. Auk þess hefur hann sinnt uppeldisráðgjöf til foreldra og einstaklingsþjálfun innan leik- og grunnskóla.

5. **Undanþága frá barnaverndarþjónustu**

   Deildarstjóri velferðarþjónustu óskaði eftir með bréfi til Mennta-og barnamálaráðuneytis dagsett þann 12. desember 2023 að Skóla-og velferðarþjónusta Árnesþings/barnaverndarþjónusta fengi áframhaldandi undanþágu til að reka sjálfstæða barnaverndarþjónustu þrátt fyrir að ná ekki 6000 manna íbúafjölda eins og lög gera ráð fyrir. Ekki hefur borist svar frá ráðuneytinu.

Fundgerð lesin upp og fundi slitið kl. 17:10

Laugarás 9. janúar 2024

| | |
|---|---|
| Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður | Andrea Sif Snæbjörnsdóttir |
| Bjarney Vignisdóttir | Steinar Sigurjónsson |
| Anný Ingimarsdóttir | Gunnlaug Hartmannsdóttir |

# Erindisbréf
# fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu

*Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps.*

**Umboð og skipan fagnefndar**

**1. gr.**

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu er skipuð af sveitarfélögunum sem eru aðilar að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. Nefndin fer með umboð viðkomandi sveitarstjórna um stjórn og framkvæmd skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (SVÁ) eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

**2. gr.**

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara þar sem einn fulltrúi kemur frá hverju sveitarfélagi. Kjörtímabil fagnefndar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórna. Hver sveitarstjórn skal tilnefna fulltrúa í upphafi kjörtímabils og annan til vara. Stjórn SVÁ skipar nefndarmenn samkvæmt 10. gr. félagssamnings byggðasamlagsins á grundvelli tilnefninga aðildarsveitarfélaganna. Stjórn SVÁ skipar formann og varaformann.

**Starfshættir**

**3. gr.**

Deildarstjóri skólaþjónustu og deildarstjóri velferðarþjónustu SVÁ sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Deildarstjóri velferðarþjónustu ber ábyrgð á að boða fundi nefndarinnar í samráði við formann og deildarstjóra skólaþjónustu.
Deildarstjórar eru starfsmenn nefndarinnar og sjá um ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað. Deildarstjórar undirbúa fundi og framkvæma ákvarðanir nefndarinnar, eftir atvikum. Fundir skulu haldnir til skiptis í sveitarfélögum byggðasamlagsins eða með þeim hætti sem nefndin tekur ákvörðun um. Heimilt er að halda rafræna nefndafundi. Nefndin fundar fjórum sinnum yfir árið en oftar ef þörf krefur. Starfmenn SVÁ hafa málfrelsi og tillögurétt séu þeir kallaðir til fundar vegna málefna sem tengjast þeirra störfum.

4. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna, og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara með dagskrá fundarins. Að jafnaði skal boðað til funda með rafrænum hætti og skal fylgja afrit þeirra erinda sem til umfjöllunar eru ásamt nauðsynlegum fylgigögnum. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í nefndinni óskar þess.

5. gr.

Til að fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu geti afgreitt erindi þarf meirihluti hennar að sitja fund og eru niðurstöður nefndarinnar kynntar/afgreiddar til stjórnar SVÁ eða til aðildarsveitarfélaga SVÁ, eftir því sem við á.

Fulltrúar nefndarinnar skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum nefndarinnar.. Fulltrúi skal víkja af fundi og kalla til varamann tengist hann einstaklingum eða málefnum, sem fjallað erum í nefndinni, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

þagnarskylda helst þó látið sé af störfum. Í upphafi kjörtímabils undirritar aðal- og varamenn nefndarinnar þagnareið.

**6. gr.**

Rita skal fundargerðir nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók eða tölvu skv. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar sem og samþykktir og ályktanir nefndarinnar og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina. Öll trúnaðarmál skulu færð í sérstaka trúnaðarbók og skal þess getið í fundargerð ef mál eru skráð í hana. Að öðru leyti skal fara eftir auglýsingu um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021.

Deildarstjórar, fulltrúar í nefndinni og annað starfsfólk SVÁ skulu varðveita málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái þar ekki aðgang. Deildarstjórar sjá um að afrit af fundargerðum séu send aðildarsveitarfélögum til kynningar og staðfestingar.

**7. gr.**

Að öðru leyti ber nefndinni að starfa í samræmi við sveitarstjórnarlög 138/2011, eftir því sem við á.

## Hlutverk og verkefni

**8. gr.**

Hlutverk Fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu er:

- Að vinna á grundvelli heildarsýnar í málefnum einstaklinga og fjölskyldna m.a. í samræmi við lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Að efla lífsgæði íbúa á svæðinu með því að leitast við að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla þannig að velferð íbúa á starfssvæðinu.
- Að vinna gegn aðgreiningu á grundvelli mismunandi þarfa, s.s. vegna aldurs, fötlunar eða uppruna og virða fjölbreytileika sem styrkleika.
- Að vinna að því að þjónusta SVÁ verði í samræmi við þarfir allra íbúa á svæðinu og íbúar hafi upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er.
- Að stuðla að því að skapa skilyrði fyrir skóla, skólastjórnendur, kennara og annað starfsfólks skóla til að mæta sem best þörfum hvers barns.
- Að gera tillögur til sveitarstjórna og stjórnar SVÁ um sameiginlegar áherslur í skóla- og velferðarmálum og hafa eftirlit með að þeim sé fylgt eftir.
- Að samræma reglur og verklag milli viðkomandi sveitarfélaga eins og kostur er.
- Að hafa eftirlit með og leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélaganna í skóla- og velferðarþjónustu með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal skólabarna, starfsfólks skóla og annarra íbúa á svæðinu. Einnig að fjalla um þær kvartanir sem berast vegna þjónustunnar.
- Fara yfir tillögur að fjárhagsáætlun hvers árs með deildarstjórum SVÁ vegna sameiginlegs kostnaðar í skóla- og velferðarþjónustu sbr. 13.gr. félagssamnings SVÁ og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur.
- Að vera stjórn SVÁ og sveitarstjórnum til samráðs í skóla- og velferðarþjónustu.

**9. gr.**

Verkefni Fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu á sviði skólamála eru:

- Að tryggja góða framkvæmd skólaþjónustu á svæðinu samkvæmt lögum og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga , ef frá eru talin verkefni skólanefnda sveitarstjórna sbr. 4. gr. og 6. gr. leik- og grunnskólalaga.

- Stuðningur til starfsfólks skóla – kennsluráðgjöf – starfshættir
- Stuðningur til foreldra með ráðgjöf og fræðslu
- Sálfræðiþjónusta
- Önnur sérstæk skólaþjónusta, svo sem náms- og starfsráðgjöf og talmeinaþjónusta

- Að móta tillögur í samráði við skólasamfélagið að sameiginlegri stefnumörkun um áherslur í samstarfi um skólaþjónustu á svæðinu.
- Að sinna eftirfylgd sameiginlegrar stefnumörkunar um áherslur í samstarfi um skólaþjónustuna.
- Að styðja við skólaþróun, m.a. með öflugri símenntun fyrir stjórnendur og kennara.
- Að stuðla að samstarfi skóla á svæðinu; innan skólastiga og þvert á skólastig.
- Að stuðla að samstarfi skólastjórnenda, kennara og annars starfsfólks skóla á svæðinu með það fyrir augum að efla gæði menntunar í þágu nemenda og gæði starfsþróunar í þágu starfsfólks skólanna.
- Að gera ársskýrslu um starfsemi liðins starfsárs SVÁ á sviði skólamála í samstarfi við deildarstjóra skólaþjónustu.
- Að vinna að öðrum þeim verkefnum á sviði skólaþjónustu sem sveitarstjórnirnar eða stjórn SVÁ fela nefndinni á hverjum tíma.

**10.** gr.

Verkefni fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu á sviði velferðarmála eru:

- Fara með lögbundið hlutverk félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
- Að tryggja góða framkvæmd velferðarþjónustu á svæðinu samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Fara með yfirstjórn barnaverndarþjónustu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- Móta stefnu og framkvæmdaáætlun fyrir aðildarsveitarfélögin á sviði barnaverndar skv. 1. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga. Framkvæmdaáætlunin skal send aðildarsveitarstjórnum til staðfestingar og í framhaldinu send því ráðuneyti sem fer með yfirstjórn málaflokksins, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og Barna- og fjölskyldustofu.
- Málefni tengd félagslegri ráðgjöf samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Málefni tengd fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Málefni aldraðra, þar á meðal félagsleg heimaþjónusta, samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra.
- Málefni barna og ungmenna samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga samkvæmt barnaverndarlögum, barnalögum, lögræðislögum og ættleiðingarlögum.
- Málefni fatlaðra samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- Málefni tengd félagslegri heimaþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- .
- Málefni dagforeldra samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga
- Húsnæðismál samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga
- Úthlutun félagslegra íbúða á þeim svæðum þar sem það á við.
- Afgreiðsla afbrigða frá reglum um sérstakar húsaleigubætur.
- Málefni áfengissjúkra og vímuefnavarnir samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Málefni atvinnulausra samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Að gera ársskýrslu um starfsemi liðsins starfsárs SVÁ á sviði velferðarmála í samstarfi við deildarstjóra velferðarþjónustu.

- Að vinna að öðrum þeim verkefnum á sviði velferðarþjónustu sem sveitarstjórnirnar eða stjórn SVÁ fela nefndinni á hverjum tíma.

11. gr.

Ákvarðanir fagnefndar skóla- og velferðarþjónustu taka formlega gildi við staðfestingu viðkomandi sveitarstjórna. Nefndin hefur þó endanlegt ákvörðunarvald í tilgreindum málum sbr. viðauka I í félagssamning SVÁ.